

D ó m s o r ð:

Stefndi, Skipafélagið Vikur hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Tryggingamiðstöðvarinnar hf., í máli þessu. Málskostnaður að því er varðar stefnda, Skipafélagið Vikur hf., fellur niður.

Stefndi, þrotabú Reykhólaskips hf., greiði stefnanda, Tryggingamiðstöðinni hf., kr. 1.995.945,00 með 22% ársvöxtum frá 21. janúar 1986 til 1. mars 1986, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, en með 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 230.000,00 í málskostnað.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í m/s Helgey fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. desember 1988.

Nr. 286/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Kristjáni Erni Kristjánssyni

(Sigurður Georgsson hrl.)

og

Sæmundi Auðunssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Lög nr. 65/1974. 40. og 77. gr. laga nr. 74/1974. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjað er dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum á hendur hinum ákærðu, en meðákærði í héraði vildi hlíta dómi. Dóminum er áfrýjað að ósk Sæmundar Auðunssonar að því er hann varðar. Af hálfu ákærvalds er krafist sakfellingar samkvæmt ákærum og þyngingar á refsingu að því er báða varðar. Áfrýjunarstefna er gefin út 9. júlí 1987.

I.

Ákætur 26. maí og 7. ágúst 1986.

Brot. þau, sem ákærða Kristjáni Erni Kristjánssyni er gefin sök á í þessum ákærum, eru öll viðurkennd og fullsönnuð. Ber því að fallast á sakfellingu ákærða og færslu brota til refsíákvæða.

II.

Ákæra 15. nóvember 1985.

Svo sem rakið er í héraðsdómi var ákærði Sæmundur Auðunsson staðinn að verki þar sem hann var að bera 11,3 kg af hassi í land úr b/v Karlsefni eftir komu skipsins til Reykjavíkur frá Cuxhaven aðfaranótt 17. október 1983. Í fyrstu kvaðst hann eiga þetta í félagi við fólk, sem hann vildi ekki nafngreina, en við yfirheyrslu 26. október nefndi hann ákærða Kristján Örn Kristjánsson til sögunnar, svo sem rakið er í héraðsdómi, og hefur ekki breytt frásögn sinni um þátt hans í málinu síðan. Næsta dag fóru lögreglumenn á heimili ákærða Kristjáns Arnar þeirra erinda að gera þar húsleit. Ákærði og sambýliskona hans synjuðu leitarinnar nema að gengnum úrskurði í þá átt. Úrskurður um húsleit var kveðinn upp sama dag. Við leit í framhaldi af því fundust 2,6 g af marihuana í skrifborði ákærða. Á háalofti fundust heimaræktaðar kannabisplöntur og fræ og hafði loftið verið einangrað og búið ljósum til að örva vöxt þeirra. Við yfirheyrslu neitaði ákærði Kristján Örn að eiga nokkra aðild eða hluta í því efni, er tekið var af ákærða Sæmundi. Við þann framburð hefur hann staðið síðan og neitað alfarið öllum sakargiftum í þessari ákæru. Hins vegar liggja fyrir í málinu frásagnir tveggja lögreglumanna, sem raktar eru í héraðsdómi, um það er þeir töluðu hvor í sínu lagi einslega við ákærða og hann sagðist vera sekur í þessu efni en myndi aldrei viðurkenna það. Er ákærði var spurður um sannleiksgildi annarrar þessara frásagna fyrir dómi

9. desember 1983 kvaðst hann hvorki vilja neita né játa sannleiksgildi hennar en óska að ræða það atriði við sinn réttargæslumann. Frásagnir þessar voru báðar bornar undir ákærða fyrir dómi 26. febrúar 1987 og kvað hann þær rangar. Skýrði hann afstöðu sína 9. desember 1983 með því, hversu undrandi hann hefði orðið á þessum framburði.

Kemur þá til athugunar, hvort önnur sönnunargögn málsins renni nægum stóðum undir sekt ákærða Kristjáns Arnar til að hann verði sakfelldur samkvæmt þessari ákæru. Í því efni vegur þyngst öll frásögn ákærða Sæmundar Auðunssonar. Fyrir liggur að ákærði Kristján Örn var staddur í Norður-Evrópu í september og október 1983, er b/v Karlsefni kom til Cuxhaven. Ákærði Kristján Örn hefur verið yfirheyrður ítarlega um þessar ferðir sínar, bæði af lögreglu og fyrir dómi. Hann hefur svarað spurningum um ferðir sínar mjög óljóst, reynt að koma sér undan svari og stundum borið við minnisleysi en stundum beinlínis borið rangt. Þannig var hann spurður við lögreglufirfirheyrslu 6. desember 1983 hver hefði verið með honum er hann fór til útlanda 10. september það ár, en samkvæmt gögnum máls hafði sambýliskona hans farið með honum. Hann óskaði eftir að ráðfæra sig við lögfræðing áður en hann svaraði spurningunni og var veittur sólarhrings frestur í því skyni. Næsta dag svaraði hann spurningu þessari og kvaðst hafa farið einn. Enn var hann spurður um þetta fyrir dómi 26. febrúar 1987 og kvaðst nú ekki muna, hvort hann hefði verið einn á ferð eða ekki eða hvort sambýliskona hans hefði verið með honum í ferðinni. Er ákærða voru sýndir flugfarseðlar um ferðina kvaðst hann ekki vilja tjá sig um þetta. Síðar kvaðst hann ekki muna hvort hún hefði farið með honum, en út af fyrir sig ekki rengja framburð hennar í því efni. Hins vegar taldi hann örugglega rangan framburð hennar um það að þau hafi hitt ákærða Sæmund í Cuxhaven, svo sem bæði ákærði Sæmundur og sambýliskonan hafa borið. Með framburði þeirra telst sannað að ákærði hafi komið til Cuxhaven í þetta skipti og hitt ákærða Sæmund. Ákærði Kristján Örn hefur ekki reynt að gefa neina skýringu á þessari ferð sinni til Cuxhaven. Þá hefur hann forðast að nafngreina það fólk, er hann hitti erlendis, og neitað að gefa upp nöfn viðskiptamanna sinna á Íslandi og erlendis, er hann taldi sig hafa átt viðskipti við, og hafa þau atriði naumast

varðað sakarefni, ef eitthvað er á annað borð að marka frásögn hans um þessi viðskipti, útflutning á peysum og kaup á smávarningi. Allt er þetta mjög tortryggilegt. Enn er til þess að líta að ákærði taldi sig ekki muna nöfn á gististöðum er hann sótti eða lýsingu á bílaleigubíl er hann hafði til umráða í septemberferðinni. Leiðarlýsingar hans eru og ósamhljóða.

Þegar skýrslur ákærða Kristjáns Arnar um þetta ákæruefni eru virtar heildstætt, svo og öll framkoma hans við rannsókn málsins, þykja þær svo haldlausar, að þær verði ekki lagðar til grundvallar dómi í málinu. Með hliðsjón af 1. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974 ber að skýra hegðun hans honum í óhag.

Frá því ákærði Sæmundur Auðunsson gaf skýrslu sína fyrir lög-reglu 26. október 1983, sem studd er öðrum gögnum, hefur hann haldið fast við hana. Þótt frásögnum lögreglumannanna Reynis Kjartanssonar og Rúnars Sigurðssonar, sem staðfestar hafa verið fyrir dómi, verði ekki jafnað til venjubundinna lögregluskýrslna um sönnunargildi, renna þær þó með öðrum gögnum málsins stöðum undir sekt ákærða Kristjáns Arnar. Þó að ekki væri um formlegar yfirheyrslur að ræða gat ákærða ekki dulist að hann ræddi við lögreglumenn og að það tengdist rannsókn málsins. Loks er sannað að ákærði Sæmundur reyndi að koma skilaboðum til ákærða Kristjáns um breytingu á stefnumóti þeirra í Cuxhaven í október 1983.

Samkvæmt þessu þykir nægilega fram komið að efni þessarar ákæru sé rétt og báðir ákærðu sekir um þau ákæruefni er þar greinir. Teljast brot þeirra réttilega færð til refsíákvæða í ákær-unni.

III.

Ákvörðun refsingar og sakarkostnaður.

Refsing ákærða Kristjáns Arnar Kristjánssonar ákveðst með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga kemur gæsluvarðhaldsvist ákærða í 91 dag refsingu hans til frádráttar. Samkvæmt 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga ber að gera honum fésekt er þykir hæfilega ákveðin 120.000,00 krónur. Vararefsing ákveðst fangelsi í 50 daga.

Refsing ákærða Sæmundar Auðunssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði og komi til frádráttar gæsluvarðhaldstími 30 dagar samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga. Auk þess verði hann dæmdur til að greiða fésekt 50.000,00 krónur og ákveðst vara-refsing fangelsi í 20 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms sakadóms í ávana- og fíkniefnamál-um um eignaupptöku ber að staðfesta, svo og ákvæði hans um greiðslu sakarkostnaðar.

Hvor ákærðra greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun 40.000,00 krónur.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000,00 krónur, greiði ákærðu óskipt að 3/4 hlutum, en ákærði Kristján Örn einn að 1/4 hluta.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Örn Kristjánsson, sæti fangelsi í 2 ár og 6 mánuði og komi gæsluvarðhald hans í 91 dag til frádráttar refsingu. Hann greiði auk þess 120.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 50 daga fangelsi í stað sektar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Sæmundur Auðunsson, sæti fangelsi í 18 mánuði og komi gæsluvarðhald hans í 30 daga til frádráttar refsingu. Hann greiði auk þess 50.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 20 daga fangelsi í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Hvor ákærðra greiði skipuðum verjendum sínum málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti, þeim Sigurði Georgssyni hestaréttarlögmanni og Páli Arnóri Pálssyni hestaréttarlögmanni, 40.000,00 krónur hvorum.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000,00 krónur, greiði ákærðu óskipt að 3/4 hlutum, en ákærði Kristján Örn einn að 1/4 hluta.

Sér atkvæði**Hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og
Bjarna K. Bjarnasonar.**

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann með eftirfarandi breytingum:

Refsing ákærða Kristjáns Arnar Kristjánssonar verði fangelsi í 12 mánuði og komi gæsluvarðhaldsvist hans í 91 dag til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Ákærðu Kristján Örn Kristjánsson og Sæmundur Auðunsson greiði hvor um sig 50.000,00 króna sekt í ríkissjóð og komi fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Fyrir Hæstarétti greiði ákærðu hvor um sig verjanda sínum málsvarnarlaun, þeim Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni og Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 40.000,00 krónur hvorum. Allan annan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000,00 krónur, greiði ákærðu að hálfu hvor.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 21. maí 1987.

Málið er höfðað með þremur ákæruskjölum svo sem rakið er að framan (sic). Öll framangreind mál hafa verið sameinuð rekin og dæmd í einu lagi sbr. 1. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með ákæruskjali dagsettu 7. ágúst 1986 er málið höfðað á hendur Kristjáni Erni Kristjánssyni, Reynimel 24, Reykjavík, fæddum 11. desember 1952 á Hofsósi, og X ..., fyrir eftirfarandi meint brot gegn fíkniefnalöggjöfnni:

„að hafa í maí/júní 1986 sameiginlega staðið að smygli á 777 g af hassi hingað til lands í því skyni að selja það hérlandis. Ákærði X lagði fram kr. 40.000 til kaupa á efniinu og ákærði Kristján Örn keypti það í Rotterdam í seinni hluta maí og sendi það hingað til lands með ms. Eyrarfossi falið í pakkningum með öðrum varningi. Pakkanum var skipað í land í Reykjavík 10. júní og komið fyrir í Sundaskála þar sem ákærði X var starfsmaður, og tók hann hassið úr pakkanum, en var því næst handtekinn af lögreglu.“

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á 777 g af hassi samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986.

Með ákæruskjali dagsettu 15. nóvember 1985 er málið höfðað á hendur Kristjáni Erni Kristjánssyni, Samtúni 24, Reykjavík, fæddum 11. desember 1952 á Hofsósi, og Sæmundi Auðunssyni, Ásvallagötu 63, Reykjavík, fæddum þar í borg 7. febrúar 1954, fyrir eftirfarandi meint brot gegn lög-
gjöf um ávana- og fíkniefni:

I.

„Ákærðu er gefið að sök að hafa í september 1983 sameiginlega staðið að innflutningi á um 2,3 kg af hassi í ágóðaskyni.

Ákærði Kristján Örn aflaði efnisins erlendis og fékk ákærða Sæmundi það í hendur í Cuxhaven 12. september til flutnings hingað til lands. Ákærði Sæmundur, sem var skipverji á b/v Karlsefni RE-24, flutti efnið til landsins með skipinu sem kom til Reykjavíkur 16. september. Ákærði Kristján móttók efnið hjá ákærða Sæmundi daginn eftir að þáverandi heimili Sæmundar að Skólabraut 57, Seltjarnarnesi, að undanskildum 170 g sem ákærði Sæmundur hélt eftir.

II.

Ákærðu er enn fremur gefið að sök að hafa í október 1983 sameiginlega staðið að innflutningi á rúmum 11,3 kg af hassi í ágóðaskyni.

Ákærði Kristján Örn aflaði efnisins erlendis og fékk ákærða Sæmundi það í hendur 12. október í Cuxhaven til flutnings hingað til lands. Ákærði Sæmundur flutti efnið til landsins með b/v Karlsefni, sem kom til Reykjavíkur aðfaranótt 17. október, og fundu tollverðir efnið er ákærði bar það úr skipinu.“

Framangreind meint brot ákærðu eru í ákæruskjali talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 64, 1974.

Þess er og krafist af hálfu ákæruvaldsins að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.

Þess er og krafist að upptæk verði gerð 11,321,9 g af hassi samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Með ákæruskjali dagsettu 26. maí 1986 er málið höfðað á hendur Kristjáni Erni Kristjánssyni, Haðarstíg 22, Reykjavík, fæddum 11. desember 1952 á Hofsósi, fyrir eftirfarandi meint brot talin framin á árinu 1985:

I.

„Á tímabilinu frá janúar til mars mótttekið samtals um 700 g af hassi á þáverandi heimili sínu að Samtúni 24, Reykjavík, af X og selt efnið ótilteknu fólki á kr. 500 hvert gramm og staðið X skil á kr. 370 fyrir hvert gramm.

II.

Hinn 18. apríl haft í vörslum sínum að Samtúni 24, Reykjavík, er lögreglan gerði þar húsleit, samtals 37,9 g af hassi, 1,5 g af kókaini og 5,2 g af blöndu af amfetamíni og kókaini.

III.

Í seinni hluta máí keypt 150 g af hassi á Ibiza, póstsent það hingað til lands og 6. júní haft 129,3 g efnisins í vörslum sínum að Samtúni 24, Reykjavík, er lögreglan gerði þar húsleit.

IV.

Í byrjun júní keypt um 300 g af kannabisefnum í Rotterdam, skipt efnunum niður í 4 umslög og sent þau sjálfum sér í pósti hingað til lands, en 5. og 7. júní fundust efnin á Tollpóststofunni í Reykjavík, samtals 298,1 g af kannabisefnum sem lagt var hald á.

V.

Í fyrri hluta október afhent Einari Sigurhanssýni, fæddum 10. mars 1955, kr. 13.000 til kaupa á hassi erlendis og um mánaðamót október/nóvember á heimili sínu mótttekið tæp 700 g af hassi af nefndum Einari og taldist hlutur ákærða í efninu 170-180 g. Selt megnið af sínum efnishlut, m.a. Tryggva Bjarna Kristjánssýni, fæddum 7. október 1959, 20 g á kr. 500 hvert gramm, en 4. nóvember lagði lögreglan hald á 318,7 g efnisins á heimili ákærða og átti hann 20 g af því.

VI.

Hinn 4. nóvember haft 1 g af amfetamíni í fórum sínum við handtöku að Hverfisgötu 116 í Reykjavík og jafnframt sama dag haft í vörslum sínum 84 g af marihuana á heimili sínu, er lögreglan gerði þar húsleit.“

Framangreind meint brot eru í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 177, 1986, sbr. auglýsingu nr. 314, 1981, sbr. auglýsingu

nr. 84, 1986, sbr. áður 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978.

Þess er krafist af ákærvaldinu að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á eftirtöldum fíkniefnum og munum samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986:

1) 37,9 g af hassi, 1,5 g af kókaini og 5,2 g af blöndu af amfetamíni og kókaini, sbr. lið II.

2) 129,3 g af hassi, sbr. lið III.

3) 298,1 g af kannabiseftum, sbr. lið IV.

4) 20 g af hassi, sbr. lið V.

5) 1 g af amfetamíni og 84 g af marihuana, sbr. lið VI.

6) munum sem ákærði notaði við meðferð fíkniefna og lögreglan fann við húsleit 18. apríl 1985 á þáverandi heimili hans að Samtúni 24, Reykjavík: tjakki, járngrind, 3 járnplötum, rafmagnskvörn ásamt 2 hnífum, 2 marmorexplötum, 2 glerkrukkum, töng, vindlingavafningsvél, bréfi, rakvélarblaði, 2 vogum, 3 hnífum, reykjarpípu, reykjarpípuhaus, eirröri, málmdós, málmröri, 2 plastdósum, málmdós, 4 blöðum úr hnífum, tösku, 4 léreftspokum, 2 filmuplastboxum, álpappír, plasti og lyfjaglassi.

Ákærði Kristján Örn hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum samkvæmt sakavottorði dagsettu 24.4. 1987:

1975 3/10 í Reykjavík. Sátt: 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. sbr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, ökuleyfisvipting í 1 mánuð frá 6.10.

1976 3/2 í Reykjavík. Sátt: 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 61. gr. laga nr. 59, 1969 og 6., 18. gr. sbr. 33. gr., 35. og 39. gr. áfengislaga.

1976 21/10 í Kjósars. Sátt: 10.000 kr. sekt fyrir brot á a-lið 2. mgr. 22. gr. rgl. nr. 79, 1960, sbr. 1. gr. rgl. nr. 133, 1967 og 12. gr. l. 30, 1960.

1980 28/4 í Reykjavík. Dómur: 5 mán. fangelsi, þar af 3 mán. skb. í 3 ár, og 70.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974, sbr. 2. og 10. gr. rg. 390, 1974, 5. og 6. gr. nr. 65, 1974, sbr. 2. og 10. gr. rg. 390, 1974.

1980 8/8 í Reykjavík. Sátt: 40.000 kr. sekt fyrir brot á 26. og 47. gr. umfl.

1983 17/1 í Garðabæ. Sátt: 1.000 kr. sekt f. brot g. 73. gr. l. nr. 94, 1933.

1984 17/7 í Reykjavík. Dómur: 12.000 kr. sekt f. brot g. 73. gr. tékkalaga.

Ákærði Sæmundur hefur sætt eftirtöldum refsingum samkvæmt sakavottorði dagsettu 24.4. 1987:

- 1983 15/2 á Seltjarnarn. Sátt: 3.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 3/8 1982.
- 1985 24/1 á Seltjarnarn. Dómur: 24.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 28/8 1984.
- — —

Verða nú reifaðir málavextir vegna einstakra ákæruskjala.

Ákæruskjal útgefið 7. ágúst 1986.

Ákærðu voru báðir handteknir 10. júní 1986 eftir að fundist höfðu 777 grömm af hassi í fórum ákærða X. Við yfirheyrslu hjá lögreglu sama dag lýsti ákærði Kristján Örn utanför sinni til Rotterdam 19. maí 1986. Ákærði kvaðst fyrir utanförina hafa samið við meðákærða X um að hann tæki að sér að sækja fíkniefni í pakka er ákærði Kristján sendi til landsins ásamt öðrum varningi. Ákærði Kristján kvað meðákærða hafa lagt fram kr. 40.000,00 til kaupa á hassi ytra.

Ákærði Kristján var yfirheyrður hér fyrir dómi 26. febrúar sl. og bar þá á sama veg og rakið var að framan og kvað hassið er lagt var hald á hafa verið ætlað til endursölu hér á landi.

Ákærði X bar við lögreglu yfirheyrslu 10. júní 1986 efnislega á sama veg og meðákærði Kristján og rakið var að framan.

Ákærði X var yfirheyrður fyrir dómi 13. október sl. og kvaðst hafa staðið að innflutningi á 777 grömmum af hassi ásamt meðákærða Kristjáni í maí/júní 1986.

Ákæruskjal útgefið 15. nóvember 1985.

Ákæruliður I.

Ákærði Sæmundur Auðunsson var handtekinn aðfaranótt 17. október 1983 eftir að tollverðir í Reykjavík höfðu fundið rúmlega 11 kíló af hassi í fórum ákærða Sæmundar er hann var að bera efnið frá borði b/v Karls-efnis.

Ákærði Sæmundur var úrskurðaður í gæsluvarðhald þann 17. október í þágu rannsóknar málsins.

Ákærði Sæmundur bar fyrst um þessa meintu háttsemi er ákært er út af í þessum ákærulið við lögreglu yfirheyrslu 26. október 1983.

Ákærði Sæmundur kvaðst hafa þekkt meðákærða frá því á árinu 1982 er ákærðu unnu við sama fyrirtæki. Ákærði Sæmundur kvað ákærðu hafa hittst við og við sumarið 1983 og þá oft neytt saman hassefna, en ákærði Sæmundur kvaðst þá hafa verið skipverji á b/v Karlsefni og kvaðst geta keypt sér nokkur grömm af hassi er skipið landaði erlendis.

Ákærði Sæmundur kvað síðan hafa komið í ljós að meðákærði Kristján

þekkti vel til manna í Hollandi er gátu útvegað hass á lágu verði og kvað ákærði Sæmundur þá féлага þá hafa farið að ræða möguleika á því að standa sameiginlega að innflutningi hassefna til landsins. Ákærði Sæmundur kvað síðan hafa verið ákveðið að flytja hassefni til landsins í september 1983 er b/v Karlsefni kæmi til landsins úr söluferð frá Cuxhaven.

Ákærði Sæmundur lýsti fjárframlögum til efniskaupa ytra og skiptingu efnisins í eignarhluta. Ákærði Sæmundur kvaðst síðan þann 12. september hafa hitt meðákærða Kristján á járnbrautarstöðinni í Cuxhaven og hafi Ólöf kona meðákærða verið með honum. Ákærði Sæmundur kvað hafa verið ekið út fyrir Cuxhaven á bilaleigubifreið er meðákærði Kristján hafði til afnota. Ákærði Sæmundur kvað meðákærða Kristján hafa afhent sér hassið sem ákærði Sæmundur kvað hafa vegið 2,3 kíló.

Ákærði Sæmundur kvaðst hafa falið efnið um borð í b/v Karlsefni og flutt efnið í land þann 16. september og haldið með það á heimili sitt. Ákærði Sæmundur kvaðst hafa afhent meðákærða efnið á heimili sínu daginn eftir, þann 17. september, utan 170 gramma er ákærði Sæmundur kvaðst hafa haldið eftir.

Ákærði Sæmundur var yfirheyrður fyrir dómi 5. og 6. janúar 1984. Ákærði Sæmundur bar þá efnislega á sama veg og rakið hefur verið varðandi meinta háttsemi í þessum ákærulið. Ákærði Sæmundur kvaðst hafa haldið með meðákærða Kristjáni og Ólöfu konu hans út fyrir Cuxhaven í ökuferð þar sem hassefna hafi verið neytt. Ákærði Sæmundur kvað ekkert hafa verið rétt um væntanlega efnisafhengingu þar eð ráðgert hafi verið að Ólöf kona meðákærða blandaðist ekki inn í mál þetta. Ákærði Sæmundur kvað síðan hafa verið ekið aftur til Cuxhaven og þar að stórmarkaði þar sem ákærðu hafi haldið inn og þar rétt um efnismagn. Ákærði Sæmundur kvað sér síðan hafa verið ekið að hafnarsvæðinu í Cuxhaven þar sem meðákærði hafi afhent sér hassið og kvað ákærði Sæmundur ekki víst að Ólöf kona meðákærða hafi áttað sig á hvað þarna fór fram.

Ákærði Sæmundur bar fyrir dómi 5. janúar 1984 um framlag sex kunningja sinna til fíkniefnakaupa erlendis og þá bar ákærði um skiptingu í efnishluta. Daginn eftir, þann 6. janúar, kvaðst ákærði Sæmundur ekki nafngreina framangreinda sex framlagsaðila. Ákærði kvað framlagsaðilana ekki hafa vitað um meintan þátt meðákærða Kristjáns í máli þessu og heldur ekki hvert var heildarefnismagn fíkniefna úr innflutningsferðum er ákært er út af í þessu ákæruskjali.

Ákærði Sæmundur var enn yfirheyrður hér fyrir dómi 26. febrúar sl.

Við þá yfirheyrslu kvaðst ákærði Sæmundur ekki hafa staðið sameiginlega að innflutningi með meðákærða Kristjáni svo sem hér er ákært út af. Ákærði Sæmundur kvaðst hafa sammælt við meðákærða Kristján sumarið 1983 um innflutning fíkniefna til landsins. Ákærði Sæmundur kvað hafa

verið ákveðið að meðákærði sæi um kaup fíkniefnanna ytra, en ákærði Sæmundur sæi um flutning efnanna til landsins. Ákærði bar loks efnislega á sama veg og rakið hefur verið og kvað afhendingu fíkniefnanna hér á landi hafa farið fram svo sem lýst er í lok þessa ákæruáðar.

Ólöf Ásta Þorsteinsdóttir, sambýliskona ákærða Kristjáns Arnar, var yfirheyrð fyrir dómi 9. janúar 1984 og lýsti þá utanför sinni og ákærða Kristjáns í september 1983. Ólöf Ásta bar efnislega á sama veg og ákærði Sæmundur um fund ofangreindra aðila í Cuxhaven í september 1983, ökuferð og neyslu hassefna. Ólöf Ásta kvaðst ekki hafa orðið vör við að milli ákærðu færi neitt er tengdist fíkniefnum utan samneysla ofangreindra aðila í Cuxhaven. Ólöf Ásta hafði áður borið efnislega á sama veg hjá lögreglu varðandi framangreindan fund þriggja ofangreindra aðila.

Ólöf Ásta var yfirheyrð hjá lögreglu 9. desember 1983 og bar þá um að ákærði Sæmundur hafi komið og heimsótt sig og ákærða Kristján í Bankastræti 6, eftir að öll ofangreind höfðu hittst í Cuxhaven.

Ólöf Ásta kom fyrir dóm 12. mars sl. sem vitni en skoraðist undan að svara spurningum sem vitni vegna tengsla við ákærða Kristján Örn.

Ákærði Kristján Örn hefur við fjölda yfirheyrsla bæði hjá lögreglu og fyrir dómi borið af sér allar sakir varðandi þennan ákæruáð.

Ákærði Kristján bar margsinnis við lögregluyfirheyrslur að hafa haldið einn í utanför í september 1983.

Ákærði Kristján var yfirheyrður hér fyrir dómi 28. febrúar sl. Ákærði Kristján kvaðst hafa haldið til Luxemburg í september 1983 en ekki muna hvort hann hafi haldið einn í þá ferð. Ákærði Kristján kvaðst ekki muna hvort hann hélt annað en til Luxemburg en ákærði kvaðst ekki hafa hitt meðákærða Sæmund ytra í nefndri för og aldrei hafa hitt hann ytra.

Ákærði Kristján kvaðst ekki muna hvort Ólöf Ásta sambýliskona sín hafi verið með í för þessari.

Eftir að ákærða Kristjáni hafði verið kynntir framburðir Ólafar Ástu sem raktir hafa verið, ljósrit flugmiða á nafni ákærða Kristjáns og Ólafar Ástu í númeraröð, kvaðst ákærði ekki muna hvort Ólöf Ásta hafi farið með í ferð þessa. Ákærði Kristján kvaðst ekki vilja rengja framburð Ólafar varðandi það atriði en kvað örugglega rangan framburð Ólafar varðandi það að ákærðu hafi hittst í Cuxhaven.

Ákærðu voru samprófaðir hér fyrir dómi 6. janúar 1984 án þess að samræmi næðist og aftur 9. mars sl. og enn án þess að samræmi næðist milli framburða ákærðu.

Ákæruáður II.

Ákærði Sæmundur var yfirheyrður hjá lögreglu 26. október 1983 og lýsti þá meintri háttsemi er hér er ákært út af.

Ákærði Sæmundur hafði lýst meintri háttsemi í ákærulið I, en kvaðst síðan hafa haldið aftur út á sjó þann 19. september og kvað ákærði áður hafa verið ákveðið milli ákærðu að hittast í Cuxhaven sama dag og b/v Karlsefni seldi þar afla sinn sem var fyrirhugað að yrði 12. október að sögn ákærða.

Ákærði Sæmundur kvaðst síðan um mánaðamót september/október hafa hringt í Björn bróður sinn og beðið hann um skilaboð til meðákærða Kristjáns um að hitta sig (ákærða Sæmund) í Cuxhaven 11. október, en áður hafði verið ákveðið að ákærðu hittust ytra 12. október svo sem rakið var.

Ákærði kvaðst hafa haldið á járnbrautarstöðina í Cuxhaven 11. október þeirra erinda að hitta þar meðákærða, en það hafi ekki tekist og kvaðst ákærði hafa haldið aftur daginn eftir á járnbrautarstöðina og þar hitt meðákærða um miðjan dag. Ákærði Sæmundur kvað meðákærða hafa verið einan á ferð og haft bilaleigubifreið til umráða. Ákærði Sæmundur kvað síðan hafa verið ekið út fyrir Cuxhaven og þá komið í ljós að meðákærði hafi haft 11,3 kíló af hassi meðferðis. Ákærði Sæmundur kvað meðákærða hafa sagt að hann (þ.e. meðákærði) hafi fengið lánuð 5 kíló af hassi en áætlað hafi verið að keypt yrðu 6,3 kíló af hassi. Ákærði Sæmundur kvaðst ekki hafa verið „hrifinn af þessu“ en þó tekið við efninu og komið því fyrir um borð í b/v Karlsefni til flutnings hingað til lands.

Ákærði Sæmundur kvaðst ekki hafa ákveðið hvernig hlutur sinn yrði seldur en þó ákveðið að selja hvert gramm á kr. 250-300.

Ákærði Sæmundur kvaðst hafa átt hugmyndina að samstarfi ákærðu.

Ákærði Sæmundur var yfirheyrður fyrir dómi 5. janúar 1984 og bar hann þá efnislega á sama veg og rakið var að framan.

Ákærði Sæmundur var enn yfirheyrður hér fyrir dómi 26. febrúar sl. og bar þá enn á sama veg. Ákærði kvaðst hafa mótttekið 11,3 kíló af hassi frá meðákærða Kristjáni í Cuxhaven í október 1983 og flutt til landsins en tollverðir hafi lagt hald á fíkniefnin er b/v Karlsefni kom til landsins 17. október 1983.

Björn Eyjólfur Auðunsson, bróðir ákærða Sæmundar, bar undir frumrannsókn málsins um skilaboð þau er ákærði Sæmundur bað Björn fyrir til meðákærða Kristjáns svo sem ákærði Sæmundur bar um og rakið var að framan.

Björn Eyjólfur Auðunsson var yfirheyrður sem vitni hér fyrir dómi 12. mars sl. og bar þá enn á sama veg varðandi áðurnefnd skilaboð. Vitnið kvaðst muna að ákærði Kristján hafi búið á efri hæð húss við Bankastræti.

Ákærði Kristján var samprófaður með vitninu í framangreindu þinghaldi. Ákærði Kristján kvaðst hafa búið á efstu hæð hússins við Banka-

stræti 6 hér í borg í október 1983. Ákærði kvað ofangreindan framburð vitnisins rangan.

Sigurður Haukur Engilbertsson, er sætti gæsluvarðhaldi í janúar og fram í febrúar 1984 í þágu rannsóknar fíkniefnamáls er hann átti aðild að, bar við yfirheyrslur fyrir dómi um meinta aðild ákærða Kristjáns að máli þessu en tók síðar framburði sína til baka. Eru framburðir Sigurðar fyrir dómi varðandi meinta aðild ákærða Kristjáns að máli þessu mjög á reiki og ótrúverðugir.

Ákærði Kristján Örn var margoft yfirheyrður fyrir dómi og hjá lögreglu undir frumrannsókn máls þessa. Ákærði Kristján hefur alfarið borið af sér sakir er ákært er út af með þessu ákæruskjali.

Vitnið Rúnar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður, er í fyrstu hafði það verk með höndum að yfirheyra ákærða Kristján undir frumrannsókn máls þessa, ritaði upplýsingaskýrslu dagsetta 28. nóvember 1983. Á skýrslu þessari kemur fram að ákærði Kristján hafi rætt við vitnið utan formlegrar skýrslutöku og þá komið fram aðild ákærða Kristjáns að máli þessu, þó ekki í smáatriðum.

Rúnar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður ritaði skýrslu dags. 9. desember 1983 vegna fundar á bréfmiða í Hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9 þann 12. nóvember 1983, en þá sættu báðir ákærðu gæsluvarðhaldi.

Um efni nefnds miða segir í framangreindri skýrslu Rúnars að á miðanum hafi staðið: „Sæmi, eigum við ekki að tala saman, síðan stafur undir, annaðhvort tölustafurinn 5 eða bókstafurinn S.“

Vitnið Rúnar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður staðfesti báðar framangreindar skýrslur hér fyrir dómi 9. mars sl.

Vitnið kvað ákærða Kristján hafa viðurkennt utan formlegrar skýrslutöku aðild sína að máli því er hér er til úrlausnar og að hafa ritað framangreindan bréfmiða.

Ákærði Kristján bar allt ofanritað af sér í sampröfun við vitnið Rúnar hér fyrir dómi 9. mars sl.

Þann 9. mars sl. var vitnið Reynir Kjartansson rannsóknarlögreglumaður yfirheyrð hér fyrir dómi. Vitnið staðfesti þá upplýsingaskýrslu er rituð var 28.12. 1983 og bar á sama veg og fyrir dómi. Á nefndri upplýsingaskýrslu kom fram að ákærði Kristján hafi viðurkennt utan formlegrar skýrslutöku aðild sína að máli þessu.

Ákærði Kristján var samprófaður með vitninu 9. mars sl. og bar af sér allar sakir og kvað framburð vitnisins rangan.

Ákærði Kristján var yfirheyrður hér fyrir dómi 26. febrúar sl. og bar þá af sér allar sakir er ákært er út af í þessum ákærulið.

Ákærðu Sæmundur og Kristján voru samprófaðir hér fyrir dómi 9. mars sl. og hélt þá hvor við sinn framburð og bar ákærði Kristján m.a. á þann

veg að meðákærði Sæmundur muni aldrei, svo að ákærði Kristján muni, hafa heimsótt sig í Bankastræti 6 á árinu 1983 og náðist ekki samræmi milli framburða ákærðu.

Ákæruskjal útgæfið 26. maí 1986.

Ákæruliður I.

Ákærði bar um þá meintu háttsemi er hér er ákært út af undir frumrannsókn málsins.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 26. febrúar sl. og kvað þennan ákærulið vera réttan. Ákærði kvaðst hafa frá janúar til mars 1985 tekið við um 700 grömmum af hassi frá X. Afhendingar fóru fram á heimili ákærða Kristjáns sem kvaðst hafa selt hvert gramm efnisins á kr. 500,00 en skilað X kr. 370,00 fyrir hvert gramm.

X bar efnislega á sama veg og ákærði Kristján við lögregluyfirheyrslu í mars 1985.

Ákæruliður II.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 22. apríl 1985 og gerði þá grein fyrir tilkomu fíkniefna þeirra er ákært var út af í þessum ákærulið.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 26. febrúar sl. og kvaðst þannig hinn 18. apríl 1985 hafa haft í vörslum sínum að Samtúni 24 37,9 grömm af hassi, 1,5 grömm af kókaini og 5,2 grömm af blönduðu amfetamíni og kókaini.

Ákæruliður III.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu 6. júní 1985 og viðurkenndi ákærði þá að hafa síðari hluta maí 1985 keypt 150 grömm af hassi á Ibiza og póstsent efnið hingað til lands.

Ákærði bar á sama veg fyrir dómi 26. febrúar sl. og kvaðst hafa haft 129,3 grömm efnisins í vörslum sínum að Samtúni 24 hinn 6. júní 1985.

Ákæruliður IV.

Ákærði bar um ofangreinda meinta háttsemi við lögregluyfirheyrslu þann 6. júní 1985 efnislega á sama veg og ákært er út af.

Ákærði bar hér fyrir dómi 26. febrúar 1987 um ofangreinda meinta háttsemi og kvaðst hafa keypt 300 grömm af marihuana í Rotterdam í júní 1985 og hafa sent efnið hingað til lands í fjórum umslögum er ákærði kvaðst hafa merkt sjálfum sér.

Ólöf Ásta Þorsteinsdóttir, sambýliskona ákærða, er hélt með honum í ofangreinda utanför, bar við lögregluyfirheyrslu 6. júní 1985 að hafa vitað um fíkniefnasendingu ákærða hingað til lands.

Ákæruliður V.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 5. nóvember 1985 og bar þá um þá meintu háttsemi er hér er ákært út af efnislega á sama veg og í ákæru greinir.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 26. febrúar sl. og kvað ákærði þennan ákærulið vera réttan og bar efnislega á sama veg.

Einar Sigurhansson hefur hjá lögreglu borið efnislega á sama veg og ákærði og einnig Tryggvi Bjarni Kristjánsson.

Ákæruliður VI.

Ákærði bar um ofangreinda meinta háttsemi við lögreglu yfirheyrslu 5. nóvember 1985 á sama veg og ákært er út af.

Ákærði bar enn á sama veg hér fyrir dómi 26. febrúar sl. og þannig að hafa haft í vörslum sínum 84 grömm af marihuana á heimili sínu þann 4. nóvember 1985 og haft 1 gramm af amfetamini í fórum sínum sama dag.

NIÐURSTÖÐUR.*Ákæra útgefin 7. ágúst 1986.*

Sannað er með framburðum ákærðu, er vel eru studdir af öðrum gögnum málsins, að ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá er í ákæru greinir. Ákærðu stóðu þannig sameiginlega að smygli á 777 grömmum af hassi hingað til lands í því skyni að selja hassið hérlandis. Ákærði X lagði fram kr. 40.000,00 til kaupa á efninu og ákærði Kristján Örn keypti það í Rotterdam í seinni hluta maí og sendi það hingað til lands með ms. Eyrarfossi falið í pakkningum með öðrum varningi. Pakkanum var skipað á land í Reykjavík 10. júní og komið fyrir í Sundaskála, þar sem ákærði X var starfsmaður og tók hann hassið úr pakkanum en var því næst handtekinn af lögreglu.

Ákærðu hafa því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

— — —

Brot ákærðu varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986.

*Ákæra útgefin 15. nóvember 1985.**Ákæruliður I.*

Fyrir liggur í málinu að ákærði Sæmundur var skipverji á b/v Karlsefni er skipið seldi afla sinn í Cuxhaven í september 1983 og að skipið var þar státt 12. sama mánaðar. Þá þykir sannað með efnislega samhljóða fram-

burðum ákærða Sæmundar og Ólafar Ástu Þorsteinsdóttur, en gegn neitun ákærða Kristjáns, að ákærðu í máli þessu og nefnd Ólöf hafi hittst í Cuxhaven 12. september 1983 og neytt þar saman hassefna.

Framburðir ákærða Kristjáns varðandi ofangreindan fund í Cuxhaven 12. september 1983 og framburðir hans um hvort Ólöf hafi haldið með ákærða Kristjáni í ofangreinda utanför eru mjög ótrúverðugir og að mati dómsins að mestu rangir enda hið gagnstæða talið sannað sbr. ofanritað.

Þótt ákærði Kristján hafi verið staddur í Cuxhaven 12. september 1983 ásamt sambýliskonu sinni og hafi þar hitt meðákærða Sæmund þá er ekkert í gögnum máls þessa utan framburður meðákærða Sæmundar er beinlinis bendir til þess að ákærði Kristján hafi framið háttsemi þá er í þessum ákærulið greinir.

Samkvæmt ofanrituðu þykir ekki gegn eindreginni neitun ákærða Kristjáns fram koma lögfull sönnun um sekt ákærða Kristjáns samkvæmt þessum ákærulið og ber því að sýkna hann.

Ákærði Sæmundur hefur frá því hann bar fyrst um þessa meintu háttsemi margsinnis borið um þessa háttsemi bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi. Ákærði Sæmundur hefur borið að sex kunningjar hafi lagt fram fé til kaupa fíkniefna er ákært er út af í þessum ákærulið en ekki viljað nafngreina þá.

Svo sem rakið var telur dómurinn ekki sannað að ákærði Sæmundur hafi afhent meðákærða fíkniefni að Skólabraut 57 þann 17. september 1983. Ákærði Sæmundur hefur viðurkennt að hafa haldið 170 grömmum af fíkniefnum í vörslum sínum en ekki er upplýst í máli þessu hvað varð af eftirstöðvum þeirra 2,3 kílóa af hassi sem ákært er út af.

Svo sem rakið hefur verið styðja ýmis gögn máls þessa framburði ákærða Sæmundar um hluta þeirrar meintu háttsemi sem hér er ákært út af, en aðrir þættir máls þessa eru óljósir og er sýknað af þeim.

Að ofanrituðu virtu þykir dóminum sannað með framburði ákærða Sæmundar, sem að hluta er studdur öðrum gögnum máls þessa, að ákærði Sæmundur hafi þann 16. september 1983 flutt hingað til lands 2,3 kíló af hassi, falið um borð í b/v Karlsefni RE-24, en ákærði Sæmundur var skipverji á skipinu.

Ákærði Sæmundur er sýknaður af öðrum þáttum þessa ákæruliðar.

Ákæruliður II.

Svo sem rakið var í málavaxtalýsingu varðandi þennan ákærulið hefur ákærði Kristján borið af sér allar sakir. Ákærði Sæmundur hefur margoфт borið um ofangreinda háttsemi, bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi. Ekki er í máli þessu til að dreifa öðrum aðilum er hafa borið beint um meinta háttsemi ákærða Kristjáns.

Ýmis atriði máls þessa eru til þess fallin að renna stöðum undir meinta sekt ákærða Kristjáns.

Sannað er að ákærði Kristján var í utanlandsferð á þeim tíma er b/v Karlsefni seldi afla sinn í Cuxhaven í október 1983. Þá þykir og sannað gegn neitun ákærða Kristjáns að Björn Auðunsson bar ákærða Kristjáni skilaboð frá meðákærða er getið var um að framan. Þá þykir og sannað með framburði ákærða Sæmundar og Ólafar Ástu Þorsteinsdóttur að ákærði Sæmundur heimsótti meðákærða Kristján á heimili hans í Bankastræti í september 1983 skömmu áður en ákærði Sæmundur hélt í utanferð þá er þessi ákæruliður snýst um.

Upplýsingaskýrslur er vitnin Rúnar Sigurðsson og Reynir Kjartansson skráðu og staðfestu hér fyrir dómi eru einungis skýrslur þar sem greint er frá gangi frumrannsóknar máls þessa. Þar er ekki um að ræða framburðarskýrslur ákærða Kristjáns sem við dómsyfirheyrslu kvað efni skýrslunnar rangt og framburð vitnanna sömuleiðis. Þótt framangreindar skýrslur og framburður vitnanna Rúnars og Reynis færi líkur að sekt ákærða Kristjáns, þá þykir dóminum ekki unnt að meta slíkar skýrslur, þótt staðfestar hafi verið fyrir dómi, sem sönnunargögn í máli þessu sem væru til þess fallin að ríða baggamun um sekt eða sýknu ákærða Kristjáns.

Svo sem rakið var þá telur dómurinn sannað að Björn Auðunsson hafi borið ákærða Kristjáni framangreind skilaboð, en ekkert liggur fyrir í málinu utan framburður ákærða Sæmundar um að ákærðu hafi hittst í Cuxhaven 12. október 1983.

Að ofanrituðu virtu telur dómurinn að ýmis gögn máls þessa, m.a. framburðir ákærða Kristjáns, séu til þess fallin að renna stöðum undir meinta sekt ákærða Kristjáns.

Ákærði Kristján hefur áður sætt refsingum vegna fíkniefnabrota og eftir að meint háttsemi samkvæmt þessu ákæruskjali á að hafa átt sér stað, hefur ákærði Kristján gerst sekur um stórfellt fíkniefnamisferli sbr. niðurstöður varðandi ákæruskjal dags. 7. ágúst 1986 hér að framan og niðurstöður varðandi ákæruskjal dags. 26. maí 1986 hér á eftir.

Þegar framanritað er virt í heild telur dómurinn að verulegar líkur séu fyrir því að ákærði Kristján hafi framið brot það er hér er ákært út af.

Hins vegar og með vísan til meginreglunnar „in dubio pro reo“ varðandi sönnun sakar í opinberum málum sbr. 108. gr. laga nr. 74, 1974, þykir dóminum ekki fram komnar alveg nægilegar sannanir varðandi sekt ákærða Kristjáns og ber því að sýkna hann.

Ljóst þykir að svo mikið magn fíkniefna er mál þetta snýst um hafi verið flutt til landsins í söluskyni þótt í máli þessu sé ekki sannað hver átti að dreifa efninu og þykir því með framburði ákærða Sæmundar, sem studdur

er af öðrum gögnum málsins, sannað að ákærði Sæmundur hafi gerst sekur um eftirfarandi:

Að hafa hinn 17. október 1983 flutt til landsins með b/v Karlsefni 11.321,9 kíló af hassi. Tollverðir lögðu hald á fíkniefnin er ákærði bar þau úr skipinu.

Ákærði Sæmundur er sýknaður af öðrum þáttum þessa ákæruáðals.

Ákærði Sæmundur hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Eftir útgáfu ákæruskjals hefur reglugerð nr. 390, 1974 verið numin úr gildi og í hennar stað er komin reglugerð nr. 16, 1986, sem síðar var breytt með reglugerð nr. 177, 1986. Ber því í máli þessu að beita hinum nýju ákvæðum sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Brot ákærða Sæmundar varða við verknáðarlýsingu 2. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. gr. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986.

Dóminum þykir vera slíkt samband milli brota ákærða og málið snúast um svo mikið magn fíkniefna að brotin verði virt sem áframhaldandi brota-starfsemi sem í heild varði ákærða refsingu eftir 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64, 1974.

Ákæra útgefin 26. maí 1986.

Ákæruáðal I.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum máls þessa að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá er hér er ákært út af.

Ákærði tók þannig við frá janúar-mars 1985 700 grömmum af hassi á þáverandi heimili sínu að Samtúni 24, Reykjavík, af X. Ákærði seldi efnid ótíteknu fólki á kr. 500,00 hvert gramm og stóð X skil á kr. 370,00 fyrir hvert gramm.

Ákæruáðal II.

Sannað er að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá er hér er ákært út af. Ákærði hafði hinn 18. apríl 1985 í vörslum sínum að Samtúni 24, er gerð var þar húsleit, 37,9 grömm af hassi, 1,5 grömm af kókaini og 5,2 grömm af blöndu af amfetamíni og kókaini.

Ákæruáðal III.

Sannað er með framburðum ákærða, sem studdir eru af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um þessa háttsemi. Ákærði keypti síðari hluta maí 1985 150 grömm af hassi á Ibiza, póstsendi efnid hingað til lands og hafði hinn 6. júní 1985 129,3 grömm efnisins í vörslum sínum að Samtúni 24, Reykjavík, þar sem lögreglan gerði húsleit.

Ákæruliður IV.

Sannað er með framburðum ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði hafi gerst sekur um þessa háttsemi. Ákærði keypti þannig í byrjun júní 1985 300 grömm af kannabisefnum í Rotterdam, skipti efnum niður í fjögur umslög og sendi þau sjálfum sér í pósti hingað til lands, en 5. og 7. júní fundust efnin á Tollpóststofunni í Reykjavík, samtals 298,1 gramm af kannabisefnum sem lagt var hald á.

Ákæruliður V.

Sannað er með framburðum ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá er hér er ákært út af. Í fyrri hluta október 1985 afhenti ákærði Einari Sigurhanssýni, fæddum 10. mars 1955, kr. 13.000,00 til kaupa á hassi erlendis og um mánaðamót október/nóvember á heimili sínu mótttekið tæp 700 g af hassi af nefndum Einari og taldist hlutur ákærða í efninu 170-180 g. Selt megnið af sínum efnishlut, m.a. Tryggva Bjarna Kristjánssýni, fæddum 7. október 1959, 20 g á kr. 500,00 hvert gramm, en 4. nóvember lagði lögreglan hald á 318,7 g efnisins á heimili ákærða og átti hann 20 g af því.

Ákæruliður VI.

Sannað er með framburðum ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði hafi gerst sekur um þessa háttsemi. Hinn 4. nóvember 1985 hafði ákærði 1 gramm af amfetamíni í fórum sínum við handtöku að Hverfisgötu 116 í Reykjavík og jafnframt sama dag haft í vörslum sínum 84 grömm af marihuana á heimili sínu er lögreglan gerði þar húsleit.

Ákærði hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 177, 1986.

Ákvörðun refsingar.

Hér vísast til niðurstöðu varðandi einstök ákæruskjöl hér að framan og heimfærslur brota þar til refsíákvæða.

Ákærðu X og Kristján Örn sammæltust um framningu brots þess er ákært er út af með ákæruskjali dags. 7. ágúst 1986 og verður það virt ákærðu til þyngingar við ákvörðun refsingar sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þykir refsing ákærða X hæfilega ákveðin sem fangelsi í 3 mánuði.

Ákærðu frömdu brot sín með viðskiptasjónarmið í huga, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976

og er ákærða X gert, með vísan til ofanritaðs og 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 7. gr. laga nr. 42, 1985, að greiða kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í 5 daga í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu X og Kristján greiði sakarkostnað in solidum, kr. 17.490,00. Þá greiði ákærði X kr. 15.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hrl.

Ákærði Sæmundur Auðunsson flutti mikið magn fíkniefna hingað til lands svo sem rakið var.

Ákærði Sæmundur hefur ekki áður gerst brotlegur við fíkniefnalöggjöfina. Langur tími er liðinn síðan ákærði framdi brot sín. Ákærði hefur ekki síðan gerst brotlegur við fíkniefnalöggjöfina en á þessum tíma hefur ákærði hafið nám.

Ofanritað er virt ákærða Sæmundi til hagsbóta við ákvörðun refsingar sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Refsing ákærða Sæmundar er ákvörðuð með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 vegna dóms frá 24.1. 1985 er ákærða var gerð 24.000,00 kr. sekt auk ökuleyfissviptingar ævilangt. Refsing ákærða Sæmundar þykir hæfilega ákveðin sem fangelsi í 2 ár.

Til frádráttar fangelsisrefsingu og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 komi 30 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði Sæmundur framdi brot sín með viðskiptasjónarmið í huga, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976 og er ákærða Sæmundi gert að greiða í sekt til ríkissjóðs kr. 30.000,00, sbr. 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 7. gr. laga nr. 42, 1985.

Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa þá komi fangelsi í 15 daga í sektar stað.

Ákærði Sæmundur greiði kr. 4.000,00 vegna réttargæslu Páls A. Páls-sonar hrl., kr. 2.961,00 vegna efnagreiningar, sbr. matsgerð nr. 518. Þá greiði ákærði Sæmundur kr. 35.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Haralds Blöndal hrl.

Ákærði Kristján Örn stundaði brot sín með viðskiptasjónarmið í huga og seldi verulegt magn fíkniefna ótilteknu fólki. Ákærði framdi brot sín að hluta í samvinnu við aðra og er það virt ákærða til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Refsing ákærða Kristjáns er ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir þannig hæfilega ákvörðuð sem fangelsi í 9 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu og með vísan til 76. gr. almennra

hegningarlaga nr. 19, 1940 komi 91 dagur er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði Kristján framdi brot sín með viðskiptasjónarmið í huga sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976 og er honum gert að greiða kr. 30.000,00 í sekt til ríkissjóðs, sbr. 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 7. gr. laga nr. 42, 1985.

Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa þá komi fangelsi í 15 daga í sektar stað.

Ákærði Kristján greiði kr. 49.219,00 vegna efnagreiningar á fikniefnum er lagt var hald á og getið er um í ákæruskjali dags. 26. maí 1986. Þá greiði ákærði Kristján helming málsvarnarlauna á móti ríkissjóði kr. 55.000,00 til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hrl.

Ákærðu Kristján og Sæmundur greiði in solidum kr. 35.000,00 í sak-sóknarlaun er renni í ríkissjóð.

Ríkissjóður greiði Stefáni Pálssyni hrl. kr. 48.252,00 vegna réttargæslu í þágu ákærða Kristjáns undir rannsókn á meintu sakarefni í ákæruskjali dagsettu 15. nóvember 1985.

Sakarkostnað að öðru leyti en sérgreindur er að ofan greiði ákærðu in solidum.

Fallist er á upptökukröfu ákæruvaldsins í ákæruskjali dagsettu 7. ágúst 1986 um að dæma ákærðu Kristján og X til að sæta upptöku á 777 grömmum af hassi er lagt var hald á þann 10. júní 1986, en efnið er merkt efnaskrá nr. 1606.

Þá er fallist á upptökukröfu ákæruvaldsins í ákæruskjali dagsettu 15. nóvember 1985 og dæma upptæk til eyðingar 11.321,9 kíló af hassi er lagt var hald á 17. október 1983, en efnið er nú merkt efnaskrá nr. 1060.

Loks er fallist á upptökukröfur ákæruvaldsins er fram koma í ákæru-skjali dagsettu 26. maí 1986 og dæma ákærða Kristján til að sæta upptöku á eftirfarandi:

- 1) 37,9 grömmum af hassi, 1,5 grömmum af kókaíni og 5,7 grömmum af blöndu af amfetamíni og kókaíni, merktum efnaskrá nr. 1357.
- 2) 129,3 grömmum af hassi, merktum efnaskrá nr. 1395.
- 3) 298,1 grammi af kannabisefnum, merktu efnaskrá nr. 1394 og 1396.
- 4) 20 grömmum af hassi, sem er hlutur eignarhluta ákærða Kristjáns í fikniefnum þeim er fundust í fórum hans við húsleit 4. nóvember 1985. Efnið er merkt efnaskrá nr. 1497.
- 5) 1 grammi af amfetamíni, merktu efnaskrá nr. 1497 F, og 84 grömmum af marihuana, merktum efnaskrá 1497 G.

Öll framangreind fikniefni eru nú í vörslum dómsins og vegna upptöku þeirra visast til heimildar 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974.

Þá er fallist á upptökukröfur ákæruvaldsins á eftirfarandi munum er ákærði Kristján notaði við meðferð fíkniefna og lögreglan fann við húsléit 18. apríl 1985 á þáverandi heimili hans að Samtúni 24, Reykjavík:

Tjakkí, járngrind, 3 járnplötum, rafmagnskvörn ásamt 2 hnífum, 2 marmorexplötum, 2 glerkrukkum, töng, vindlingavafningsvél, bréfi, rakvélarblaði, 2 vogum, 3 hnífum, reykjarpípu, reykjarpípuhaus, eirröri, málmdós, málmröri, 2 plastdósum, málmdós, 4 blöðum úr hnífum, tösku, 4 léreftspokum, 2 filmuplastboxum, álpappír, plasti og lyfjaglasí.

Allir ofangreindir munir eru nú í vörslum dómsins, merktir munaskrá nr. 432.

Vegna upptöku framangreindra muna visast til heimildar 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974.

D ó m s o r ð:

Ákærði X skal sæta fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærði X greiði kr. 10.000,00 í sekt til rikissjóðs og komi fangelsi í 5 daga í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði X og ákærði Kristján Örn Kristjánsson greiði in solidum kr. 17.490,00 vegna efnagreiningar. Ákærði X greiði kr. 15.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Ákærði Sæmundur Auðunsson, fæddur 7. febrúar 1954, skal sæta fangelsi í 2 ár og komi 30 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins, til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Ákærði Sæmundur greiði kr. 30.000,00 í sekt til rikissjóðs og komi fangelsi í 15 daga í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Sæmundur greiði kr. 4.000,00 vegna réttargæslu Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.961,00 vegna efnagreiningar og kr. 35.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns.

Ákærði Kristján Örn Kristjánsson, fæddur 11. desember 1952, sæti fangelsi í níu mánuði og komi 91 dags gæsluvarðhald til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Ákærði Kristján greiði kr. 30.000,00 í sekt til rikissjóðs og komi 15 daga fangelsi í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Kristján greiði kr. 42.219,00 vegna efnagreiningar á fíkniefnum er lagt var hald á og getið er um í ákæruskjali dagsettu 26. maí 1986. Þá greiði ákærði Kristján á móti rikissjóði helming af

55.000,00 kr. málsvarnarlaunum til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns.

Ákærðu Kristján og Sæmundur greiði in solidum kr. 35.000,00 í saksóknarlaun er renni í ríkissjóð.

Ríkissjóður greiði Stefáni Pálssyni hæstaréttarlögmanni kr. 48.252,00 vegna réttargæslu í þágu ákærða Kristjáns.

Sakarkostnað að öðru leyti en sérgreindur er að ofan greiði ákærðu in solidum.

Ákærðu X og Kristján sæti upptöku á 777 grömmum af hassi, merktum efnaskrá nr. 1606.

Upptæk skulu 11.321,9 grömm af hassi, merkt efnaskrá nr. 1060.

Ákærði Kristján sæti upptöku á eftirfarandi:

1) 37,9 grömmum af hassi, 1,5 grömmum af kókaíni og 5,2 grömmum af blöndu af amfetamini og kókaíni, merktum efnaskrá nr. 1357.

2) 129,3 grömmum af hassi, merktum efnaskrá nr. 1395.

3) 298,1 grammi af kannabisefnum, merktu efnaskrá nr. 1394 og 1396.

4) 20 grömmum af hassi, merktum efnaskrá nr. 1497.

5) 1 grammi af amfetamini, merktu efnaskrá nr. 1497 F, og 84 grömmum af marihuana, merktum efnaskrá nr. 1497 G.

Öll framangreind fíkniefni eru nú í vörslum dómsins.

Ákærði Kristján sæti upptöku á eftirfarandi munum:

Tjakki, járngrind, 3 járnplötum, rafmagnskvörn ásamt 2 hnífum, 2 marmorexplötum, 2 glerkrukkum, töng, vindlingavafningsvél, bréfi, rakvélarblaði, 2 vogum, 3 hnífum, reykjarpípu, reykjarpípuhaus, eir-röri, málmdós, málmröri, 2 plastdósum, málmdós, 4 blöðum úr hnífum, tösku, 4 léreftspokum, 2 filmuplastboxum, álpappír, plasti og lyfjaglasí.

Allir framangreindir munir eru nú í vörslum dómsins, merktir muna-skrá nr. 432.